



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health



Tannlæknafélag Íslands

FAGLEGAR LÁGMARKSKRÖFUR

Samkvæmt lögum um landlækni nr 41/2007, 6. grein

Sjálfstætt starfandi tannlækna

Flokkur heilbrigðisþjónustu	Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna.
Tegund þjónustu	<p>Sjálfstætt starfandi tannlækna sinna forvörnum, greiningu og meðferð á tann-, munn- og kjálkasjúkdómum.</p> <p>Þeir skipuleggja og veita viðeigandi meðferð í samræmi við greiningu og fylgja henni eftir eins og viðeigandi er og í samráði við aðra heilbrigðisstarfsmenn eftir atvikum.</p> <p>Tannlækna veita einnig ráðgjöf og fræðslu til einstaklinga og fagfólks.</p> <p>Tannlækna starfa á eigin stofum eða sem verktakar/launþegar hjá öðrum tannlæknum.</p>
Samskipti við sjúklinga	<p>Tannlækna starfa samkvæmt siðareglum tannlækna, lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012, lyfjalögum nr. 93/1994, lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 og reglugerð um menntun, réttindi og skyldur tannlækna og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi nr. 1121/2012 eftir því sem við á.</p> <p>Tannlækna fylgja ákvæðum reglugerðar nr.111/2001 um gerð lyfseðla og ávísanir lyfja og nr. 1077/2006 um ávísanir tannlækna á lyf.</p> <p>Tannlækna sýna notendum þjónustu virðingu og trúnað.</p> <p>Tannlækna og aðstoðarfólk er bundið þagnarskyldu.</p>

Skráning	<p>Tannlæknar skulu færa sjúkraskrár, samkvæmt ákvæðum laga um sjúkraskrár nr. 55/2009 og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim. Skrá þarf upplýsingar er varða heilsufar, sjúkdómsgreiningu og meðferð þar sem heimilt er að styðjast við aðgerðaskrá Tannlæknafélags Íslands.</p> <p>Æskilegt er að sjúkraskrá sé færð á rafrænu formi. Skráningarform skal vera skilgeint og lýsing á ferlinu hvað varðar meðferð persónugreinanlegra upplýsinga, aðgangastýringu, afritun og tilflutning gagna. Varðveisla og eyðing sjúkragagna, hvort heldur á rafrænu formi eða á pappírformi, skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og tilmæli landlæknis.</p> <p>Atvikaskráning lýtur lögum og tilmælum landlæknis.</p>
Símenntun	<p>Tannlæknum ber að viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni og tileinka sér nýjungar er varða starfið, m.a. með því að sækja framhaldsmenntunarnámskeið, faglega fundi og ráðstefnur.</p>
Mönnun	<p>Tannlækni er frjálst að ráða til sín starfsfólk sem ætti að hafa menntun og/eða reynslu í samræmi við fyrirhugað starf. Tannlæknir ber ábyrgð á því að nemar og starfsfólk fái nauðsynlega tilsögn til að inna af hendi störf sem þeim eru falin (sjá reglugerð 1121/2012, 11 gr.). Nemar og starfsfólk hlíta sömu kröfum um umgengni við notendur tannlækniþjónustu og tannlæknar gera og gæta þagmælsku. Allt aðstoðarfólk starfar á ábyrgð viðkomandi tannlæknis nema sérlög/reglugerðir kveði á um annað. Gæta þarf þess að starfsumhverfi starfsfólks sé öruggt, heilsusamlegt og í samræmi við vinnuverndarlög, sbr. lög um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustað nr. 46/1980.</p>
Húsnæði	<p>Starfsleyfi gefið út af heilbrigðiseftirliti sveitarfélags fyrir tilgreint húsnæði tannlæknastofu skal liggja fyrir. Húsnæði þarf að uppfylla byggingareglugerð nr 112/2012 (sjá nánar skilgreiningu 2 og kafla 6.1), auk reglugerðar nr. 785/1999 um starsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Á tannlæknastofu skal vera aðstaða fyrir viðtöl sem uppfyllir skilyrði um trúnað.</p>
Búnaður og tækjakostur	<p>Allur tækjakostur og búnaður til tannlækninga skal uppfylla ákvæði laga nr 16/2001 og reglugerðar nr 934/2010 um lækningatæki og nr. 320/2011 um virk ígræðanleg lækningatæki, auk reglugerðar um notkun glaðlofts við tannlækningar nr. 232/1987 um tannröntgentæki gilda ákvæði reglugerðar</p>

	626/2003 með stoð í lögum nr. 44/2002 um geislavarnir. Geymsla lyfja og meðferð á stofu skal vera í samræmi við reglugerð nr. 241/2004, grein 7, um val, geymslu og meðferð lyfja á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum.
--	--

Gæðavísar	Mikilvægt er að sjálfstætt starfandi tannlæknar leggi reglulega mat á gæði þjónustunnar sem þeir veita. Embætti landlæknis mun vinna með tannlæknum að því að velja gæðavísa sem endurspeglar helseu áherslur í þjónustunni.
------------------	---

Gildistími	Samkomulag þetta gildir frá undirskrift landlæknis og verður endurskoðað eftir 5 ár en fyrr ef forsendur þess breytast skv. mati annars hvors aðilans.
-------------------	--

Útgefið	<i>Staður Reykjavík</i>	<i>Dags. 29. apríl 2015</i>
<i>Undirskrift landlæknis</i>	<i>Birgir Jakobsson, landlæknir</i>	<i>Undirskrift fh Tannlæknafélags Íslands</i> <i>Kristín Heimisdóttir</i> <i>formaður</i>

*Þessar faglegu lágmarkskröfur eru gefnar út á rafrænu formi og birtar á vef Landlæknisembættisins.
Þær eru unnar í samvinnu við Tannlæknafélag Íslands*